

3. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 17. maí 2016 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

### Dagskrá

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2015, fyrri umræða.
  2. Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfél. Varðandi heilbrigðiseftirlitssvæði – ályktun.
  3. Hótel Djúpavík – endurnýjun rekstrarleyfis
  4. Fundargerð og ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits – sent í tölvu 25.apríl sl.
  5. Kaffi Norðurfjörður - ýmislegt.
  6. Finnbogastaðaskóli – framhaldið, viðhald á kennaraíbúð, vatnsmál og fleira.
  7. Norðurfjarðarhöfn – endurnýjun gjaldskrár og fleira.
  8. Samgönguáætlun 2015 – 2018, send athugasemd.
  9. Sendar styrkumsóknir.
- 
1. Fyrri umræða um ársreikninga Árneshrepps 2015 tekin fyrir. Hreppsnefnd óskar eftir nánari útskýringum á liðnum óinnheimtar skatttekjur og aðrar skammtímakröfur.
  2. Hreppsnefnd ályktaði vegna bréfs frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi heilbrigðiseftirlitssvæði og telur ekki æskilegt að fækka heilbrigðiseftirlitssvæðum þar sem það myndi sjálfkrafa þýða fækkun starfa.
  3. Endurnýjun rekstrarleyfis vegna Hótel Djúpavík samþykkt af meirihluta hreppsnefndar. Eva Sigurbjörnsdóttir sat hjá við atkvæðagreiðslu.
  4. Fundargerðir og ársskýrsla Heilbrigðiseftirlitsins lögð fram til kynningar.
  5. Nokkur atriði varðandi Kaffi Norðurfjörð tekin fyrir. Skilti er tilbúið en á eftir að koma. Kojan er komin hingað norður. Samþykkt var að kaupa frystikistu fyrir kaffihúsið.
  6. Umbótalisti vegna Finnbogastaðaskóla lagður fram. Töluvert liggur fyrir sem þarf að lagfæra í náninni framtíð þar með talið miðstöð og klæðning á húsið. Bréf til Byggðastofnunar lagt fram til kynningar.
  7. Endurnýjun gjaldskrár Norðurfjarðarhafnar með virðisaukaskatti lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd ákvað að senda Jóhanni Guðmundssyni reikning vegna vigtarnámskeiðs sem hreppurinn greiddi en hann mun ekki nýta við Norðurfjarðarhöfn.
  8. Athugasemd vegna samgönguáætlunar 2015-2018 sem send var nefndasviði alþingis um forgang á uppbyggingu á Veiðileysuhálsi lögð fram til kynningar.
  9. Styrkumsóknir vegna vöruflutninga milli Reykjavíkur og Árneshrepps og í Styrkvegaskjól vegna endurbóta og viðhalds á vegum frá Norðurfirði að Felli og í Munaðarnes lagðar fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið 22:30